



ÞAR  
SÝPRUS  
GRÆR

MADRIGALATÓNLEIKAR

VOX  
FEMINAE

Í HAFNARBORG

6. MAÍ 2009

MARION HERRERA, HARPA  
SÍMON H. ÍVARSSON, GÍTAR

LISTRÆNN STJÓRNANDI  
MARGRÉT J. PÁLMAÐÓTTIR

ÞAR SÝPRUS GRÆR  
MADRIGALATÓNLEIKAR VOX FEMINAE  
Í HAFNARBORG 6. MAÍ 2009

Forleikur á hörpu

1. **La Rossignol**  
*Höf. ókunnur – Leikið á hörpu og gítar*
2. **Tanzen und Springen**  
*Hans Leo Hassler (1546-1612)*
3. **Let all who sing be merry**  
*Orazio Vecchi (1550-1605) úts. Don Malin*
4. **Að lindum (Tourdion)**  
*Pierre Attaingnant (1530) / Friðrik G. Þórleifsson*
5. **Einleikur á hörpu**  
*Giovanni Gastoldi (1566-1622)*
5. **Amor vittorioso**  
*Giovanni Gastoldi (1566-1622)*
6. **Amarilli, mia bella**  
*Giulio Caccini (1546-1618) – Giovanni Battista Guarini (1538-1612)*  
*Einsöngur: Anna Birgitta Bóasdóttir*
7. **Amate mi ben mio**  
*Luca Marenzio*
8. **Cancion del Emperador**  
*Luys de Narváez (1500-1555)*
9. **My bonnie lass**  
*Thomas Morley (1595)*
10. **Come again! Sweet love**  
*John Dowland, úts. John E. West*  
*Einsöngur: Hulda Jónsdóttir*

Hlé

HÖRPULEIKUR: MARION HERRERA  
GÍTARLEIKUR: SÍMON H. ÍVARSSON  
LISTRÆNN STJÓRNANDI: MARGRÉT J. PÁLMAÐÓTTIR

12. **Silver Swan**  
*Orlando Gibbons (1612), úts. John E. West*
13. **As I walked forth**  
*Robert Johnson (1583-1633)*  
*Einsöngur: Valgerður Guðrún Halldórsdóttir*
13. **Lasciatemi morire**  
*Claudio Monteverdi (1567-1643)*  
*Einsöngur: Guðný Jónsdóttir*
11. **Ach Lieb ich muss dich lassen**  
*Leonard Lehner (1553-1606)*  
*Trío: Hulda Jónsdóttir, Hulda Stefánsdóttir og Sigríður H. Þorsteinsdóttir*
14. **Kikeriki, kakakanei**  
*Johann Hermann Schein (1586-1680) – Úr Wald-Liederlein Illv (1632)*
15. **It was a lover and his lass**  
*Thomas Morley (1558-1603) úts. Don Malin*  
*Úr As you like it eftir William Shakespere*
16. **Il est bel et bon**  
*Pierre Passerau (1510-1525)*
17. **Echo**  
*Francis Pilkington (1565-1638) – Leikið á hörpu og gítar*
18. **In the merry month of May**  
*Henry Youll (1600) – Úr Cansonets to three voices (1608)*
19. **Now is the month of Maying**  
*Thomas Morley (1595), úts. John E. West*

Eftirspil á hörpu

ÞÖKKUM TÓNLEIKAGESTUM ÁHEYRNINA.  
GLEÐILEGT SUMAR!

VOX  
FESTINAÆ

## Tanzen und Springen

Tanzen und Springen,  
Singen und Klingen,  
Fa, la...

*Dátt stígum dansinn,  
dillar söngfarsinn  
Fa, la...*

Lauten und Geigen  
Soll'n auch nicht schweigen,  
zu musizieren  
und jubilieren steht  
mir all mein Sinn.  
Fa, la..

*Létt lútur óma  
ljúft gígjur hljóma  
syngjum öll saman  
svo verði gaman  
og gleðjist mín sál.  
Fa, la...*

Schöne Jungfrauen  
In grüner Auen,  
Fa la...

*Á engjunum grænum  
með ungmeyjum vænum  
Fa, la...*

Mit ihn'n zu singen  
Die Zeit zubringen,  
Freundlich zu scherzen  
Freut mich im Herzen  
für Silber und Gold  
Fa, la...

*Gulls er ígildi  
gott að ég skyldi  
gefa mér tíma  
við meyjar að glíma  
og glettast um stund.  
Fa, la...*

## Let all who sing be Merry

Let all who sing be Merry  
And notes of gladness carry  
Fa, la,.....

*Að syngja er sönnust gleði  
og sælu veitir geði.  
Fa, la,.....*

Let ev'ry song be gay  
To lighten all the day.  
Fa, la...

*Við óma ljúfra laga  
að lifa alla daga.  
Fa, la,.....*

May Fortune look with favor,  
On hearts that do not waver,  
Fa, la.....

*Því gáski og göfugt hjarta  
oss gæfu færir bjarta.  
Fa, la,.....*

O that we had the power  
To live again this hour.  
Fa, la....

*Þess óska af öllum mætti  
eillíft þá stund ég ætti.  
Fa, la,.....*

## Að lindum

Hér ég sit við svala lind  
og þyrstur teygja, teygja, teygja, teygja  
hvað sem ber mér bikarinn  
það ég bergja vil.

Vatn og bjór og vín  
um góma þurra læt ég líða  
hvað sem ber mér bikarinn  
ég bergja vil.

## Amor Vittorioso

Tutti venite armati  
O forti miei soldati  
Fa la la...  
Io son l'inviat' Amore  
Giusto saettatore  
Non temete punto  
Ma in bella schiera uniti  
Me seguitate arditi  
Fa la la...

## Amarilli, mia bella

Amarilli, mia bella,  
Non credi, o del mio cor dolce desio,  
D'esser tu l'amor mio?  
Credilo pur: e se timor t'assale,  
Dubitar non ti vale.  
Aprimi il petto e vedrai scritto in core:  
Amarilli, Amarilli, Amarailli  
è il mio amore.

## Amatemi ben mio

Amatemi ben mio,  
Che se d'amarmi dolce vita mia  
Non vi mostrate pia  
Viverò, viverò sconsolato,  
sol per amarvi  
non essendo amato.

## Tourdion

Quand je bois du vin clair et,  
Ami, tout tourne, tourne, tourne, tourne,  
Aussi désormais je bois  
Anjou ou Arbois

Chantons et buvons,  
à ce flacon faisons la guerre,  
Chantons et buvons, les amis,  
buvons donc!

## Hinn sigursæli Amor

*Komið vorir vopnfæru menn  
Á vígvöllinn sækjum við enn  
Fala...  
Ég er Amor, ósigrandi  
þrumufleygur aðvífandi.  
Sýnið styrk í stríði  
Fylkið saman fögru liði  
Fylgið mér að vígahliði  
Fala...*

*Amarilli, mín hjartkæra,  
Hvernig geturðu efast  
um ást mína, hreina og tæra.  
Trúðu því af heilum hug og ef ótti sækir að þér,  
efastu ekki um gildi hennar.  
Opna brjóst mitt og sjá skrifað á hjarta mitt:  
Amarilli, Amarilli, Amarilli  
er sú sem ég ann.*

*Ástin mín, ef þér elskið mig  
Þá mun líf mitt verða ljúft  
En þér sýnið ei miskunn  
Ég mun lifa áfram, óhuggandi  
Einungis til að elska yður  
Þó ástin sé ekki endurgoldin*

## My bonny lass she smileth

My bonny lass she smileth  
When she my heart beguileth  
Fa, la...

Smile less dear love therefore  
And you shall love me more  
Fa, la

When she her sweet eye turneth,  
O how my heart it burneth  
Fa, la

Dear love call in their light  
Or else you burn me quite,  
Fa, la

*Augun þín engu leyna  
ertu við mig að reyna  
Fa, la...*

*Brátt brosir út að eyrum  
blíðu þó vert er meira um  
Fa, la...*

*Ástleitnum augum rennir  
innst til í hjartað kennir  
Fa, la...*

*Augu þíns ástarfuna,  
ei mega valda bruna.  
Fa, la...*

## Come again!

Come again! Sweet love doth now invite  
Thy graces that refrain  
To do me due delight  
To see, to hear, to touch, to kiss, to die  
With thee again in sweetest sympathy.

Come again! That I may cease to mourn  
Through thy unkind disdain  
For now, left and forlorn  
I sit, I sigh, I weep, I faint, I die  
In deadly pain and endless misery

Gentle love, draw forth thy wounding dart,  
Thou canst not pierce her heart  
For I that do approve  
By sighs, and tears  
more hot than are thy shafts  
Did tempt, while she for triumphs laughs.

*Komið aftur! Ást mín býður yður  
en þér standist það boð  
og neitið mér um blíðuhót,  
að horfa, að heyra, að snerta, að kyssa, að deyja  
með yður aftur í ljúfum samhljómi.*

*Komið aftur! Svo ég geti hætt að syrgja  
Þér hafið forsmáð mig  
Og nú er ég hér einn og yfirgefinn.  
Ég sit, ég styn, ég græt, mig sundlar, ég dey,  
í ótrúlegum sársauka, eymd og volæði.*

*Ljúfa ást, dragið fram þá pílu er nistir  
Hún nær þó ekki hjarta hennar  
Því það er það sem ég vil  
Með stunum og tárum  
heitari en örvar yðar  
var freistað en hún bara hló.*

## The Silver Swan

The silver swan  
who, living, had no note,  
When death approached,  
unlocked her silent throat.

Leaning her breast  
against the reedy shore,  
Thus sung her first and last,  
and sung no more:

Farewell all joys,  
O death, come close mine eyes;  
More geese than swans now live,  
more fools, than wise.

*Grátt getur lífið  
leikið raddarbönd  
Laglaus silfurálf  
gefur brátt upp önd*

*Syngur á ströndu reysr  
áður en deyr  
sinn fyrsta svanasöng  
og aldrei meir*

*Kveður vísa  
svani á lokatón  
Víst lífa í veröld  
of mörg gæsaflón*

## As I walked forth

As I walked forth one summer's day  
To view the meadows green and gay,  
A pleasant bower I espied  
Standing fast by a riverside:  
And in't a Maiden I heard cry,  
„Alas, alas! There's none e're lov'd as I.“

Then round the meadow she did walk,  
Catching each flower by the stalk;  
Such flowers as in the meadow grew,  
The Dead-man's Thumb, and Harebell Blue,  
And as she pull'd them, still cried she,  
„Alas, alas! There's none e're lov'd like me.“

The flowers of the sweetest scents  
She bound about with knotty bents,  
And as she bound them up in bands,  
She wept, she sighed and wrung her hands.  
„Alas, alas, alas,“ cried she,  
„Alas! alas! There's none e're lov'd like me.“

When she had fill'd her apron full  
Of such green things as she could cull,  
The green leaves serv'd her for her bed,  
The flowers were pillows for her head:  
Then down she laid, ne'r more did speak;  
Alas! Alas! With love her heart did break.

*Þar sem ég gekk, einn sumardag,  
og virti fyrir mér iðagræn engi  
kom ég auga á indæla laut  
rétt við árbakkann.  
Þar heyrði ég stúlku hrópa:  
„Ó, vei – ó, vei! Það hefur enginn elskað á við mig!“*

*Þá gekk hún um engið  
og greip um stilk sérhvers blóms  
– þeirra blóma sem greru á enginu:  
Dauðs manns fingur og Bláklukka.  
Og þegar hún tindi þau, barmaði hún sér enn:  
„Ó, vei – ó, vei! Enginn er elskaður á við mig!“*

*Blóm sem báru höfgan ilm  
batt hún saman með knýttum stráum.  
Og þar sem hún batt þau saman í knippi  
grét hún, andvarpaði og neri hendur sínar.  
„Ó, vei – ó, vei – ó, vei!“ grét hún,  
„Ó, vei – ó, vei! Enginn er elskaður á við mig!“*

*Þegar hún hafði fyllt svuntu sína  
af eins mörgum blómum og hún gat tínt  
gerði hún blöðin að hvílu sinni  
og blómin að púða undir höfuð sitt.  
Þar lagðist hún og mælti ei meir.  
Ó, vei! Ó, vei! Hjarta hennar brast af ást.*

## Lasciatemi morire

Lasciatemi morire  
E che volete voi, che mi conforte  
In cosi dura sorte,  
In cosi gran martire  
Lasciatemi morire

*Leyf mér að deyja  
Hvers vegna viltu hugga mig  
Í svo miklum erfiðleikum?  
Í svo mikilli þjáningu?  
Leyf mér að deyja*

## Ach Lieb, ich muss dich lassen

Ach Lieb, ich muss dich lassen,  
Ich fahr dahin mein Strassen,  
bringt meinem Herzen Pein,  
wie könnt's mir übler g'fallen,  
dann so die Liebst ob allen  
von mir so muss geschieden sein.

*Ég verð að yfirgefa þig ástin mín  
ég fer leiðar minnar  
hjarta mínu blæðir  
ekkert gæti fallið mér ver  
en að þurfa að yfirgefa  
ástina mína á þennan hátt*

Die Treu ich oft bedenke,  
Mein Herz in Trauern senke,  
Wenn ich es recht betracht;  
Mich freuet nichts auf Erden,  
Wenn sie mir nur möcht werden,  
Mein Herzen werging sein Ohnmacht.

*Ég hugsa oft um trúnað,  
þegar hjarta mitt drukknað í sorg,  
ef ég sé það rétt,  
ekkert í heiminum mun gleða mig,  
ef hún verður ekki mín,  
og hjarta mitt mun dofna*

Ihr Äuglein mich erfreuen,  
Wann ich sie seh zu Zeiten  
Doch Alte Lieb rost nicht,  
Das tröst'mich in mein'Schmerzen,  
Sie denkt noch mein im Herzen,  
Wie denn von mir täglich geschieht.

*Augu hennar gleða mig,  
þegar ég sé hana af og til,  
og seint kulnar í gömlum glæðum,  
það er huggun harmi gegn  
hjarta mínu er hún mín,  
alla daga*

## Kikeriki, Kakakanei

Kikeriki, kakakanei  
Kikeriki, kakakanei  
ga, ga, ga, ga, ga, co,co,co,da  
Ist Hahn und Hennen Weckge schrei.

*Gaggagagagg – gaggalagó  
Gaggalagó – gaggalagó  
Ga-ga-ga-ga-ga  
Nú hænsni raska morgunró*

Wenn bricht her vorder Morgenstern,  
da lassen sie sich hören gern.

*Í morgunsári geislaflóðs  
Sér kveða hænsni gjarnan hljóðs*

Und fängt der Hahn erst an zu schrein,  
gleich fallen alle Hennen ein!

*Forsöngvari er hani stór  
Senn tekur undir hænuhór*

Der Hahn stolziert einher so frei  
und jedes Hennlein legt ein Ei!

*Monthani rigsar á sperrilegg  
Í hverju hænuhreiddri egg*



## It was a lover and his lass

It was a lover and his lass  
With a hey and a ho, and a hey-nonino!  
That o'er the green corn-field did pass  
In the spring time, the only pretty ring time,  
When birds do sing hey ding a ding:  
Sweet lovers love the Spring.

Between the acres of the rye  
These pretty country folks would lie:  
This carol they began that hour,  
How that life was but a flower:  
And therefore take the present time  
With a hey and a ho, and a hey-nonino!

For love is crownéd with the prime  
In the spring time, the only pretty ring time,  
When birds do sing hey ding a ding:  
Sweet lovers love the Spring.

*Um unga stelpu og strák ég veit,  
syngjum hæ, syngjum hó, syngjum hæ-dillidó,  
á grænum akri í sumarsveit,  
er fuglar syngja og klukkublómin klingja  
við lauf og lyng, hæ-dinga-dinga-ding,  
um ástir allti kring.*

*Á bak við öx af byggi og rúg,  
þau leggjast þessi heiðurshjú,  
er fuglar syngja og klukkublómin klingja  
Svo syngja þau með sama róm  
syngjum hæ, syngjum hó, syngjum hæ-dillidó,  
all lífið er sem lítið blóm,*

*Og njótum lífs í tæka tíð,  
  
syngjum hæ, syngjum hó, syngjum hæ-dillidó,  
því ástin grær sem gräs í hlið*

*Ísl. þýð. Helgi Hálfánarson*

## Il est bel et bon

Il est bel et bon, commère, mon mari.  
Il était deux femmes toutes du pays.  
Disant l'une à l'autre:  
Avez bon mari?  
Il est bel et bon, commère, mon mari.  
Il ne me courouce, ne me bat aussi;  
Il fait le ménage,  
Il donne aux poulets  
Et je prends mon plaisir.  
Commère, est ce pour rire  
Quand la poulaille crie:  
Co co co co co dac.  
Petite coquette, qu'est ceci?  
Il est bel et bon, commère, mon mari.

*Eiginmaður minn er fallegur og góður, kjaftakerlingin þín.  
Einu sinni voru tvær sveitakonur  
sem sögðu hver við aðra:  
Áttu góðan eiginmann?  
Eiginmaður minn er fallegur og góður, kjaftakerlingin þín.  
Hann reiðist mér ekki og ber mig ekki heldur.  
Hann sinnir húsverkunum.  
Hann gefur hænunum  
og ég fæ ánægju mína.  
Það er hægt að hlæja að því  
þegar hænurnar garga:  
Gagg - gagg - gagg - gaggalagó  
Litla daðurdrós, hvað er þetta eiginlega?  
Eiginmaður minn er fallegur og góður, kjaftakerlingin þín.*

## In the merry month of May

In the merry Month of May,  
the fields are decked with flowers gay.  
Fa la la fa la

The wood and groves where birds do sing  
Redoubling echoes sweetly ring.  
Fa la la fa la la

*Maí er mánuður mér kær  
Með blómabreiður nær og fjær  
Falala.....*

*Fagurt heyrst fuglatal  
Margenduróma úr skógarsal  
Falala....*

## Now is the month of Maying,

Now is the month of Maying,  
when merry lads are playing  
Fa la la  
Each with his bonny lass,  
upon the greeny grass  
Fa la

The spring, clad all in gladness,  
Doth laugh at winther's sadness,  
Fa la la  
And to the bagpipes' sound  
the nymphs tread out their ground  
Fa la

Fie then, why sit we musing,  
Youth's sweet delight refusing?  
Fa la la  
Say, dainty nymphs, and speak,  
shall we play barley break?

Er veröld fagnar vori  
með von í hverju spori  
Fa la la ...  
Pá dansa degi mót  
í draumi sveinn og snót.  
Fa la la ...

Í skógar laufgum lundi  
á ljúfum ástarfundi  
Fa la la ...  
svo létt við geislaglóð  
þau ganga sæl og rjóð.  
Fa la la ...

Lát ungar raddir óma  
og æskugleði ljóma  
Fa la la ...  
í vorsins blíðum blæ  
um bjarta nótt í maí.  
Fa la la ...

*Ísl. þýð. Hannes Sigurðsson*

*Snörun söngtexta er unnin af kórfélögum nema annars sé getið.*

VOX FEMINAE var stofnaður árið 1993 af Margréti J. Pálmadóttur og hefur starfað undir hennar stjórn æ síðan. Kórinn hefur komið fram við margvísleg tækifæri hér heima og haldið fjölda tónleika á ári hverju, meðal annars með Sinfóníuhljómsveit Íslands og Alba-hópnum. Þá hefur kórinn farið í tónleikaferðir, bæði innanlands og utan. Í nóvember 2000 vann VOX FEMINAE til silfurverðlauna í VIII. alþjóðlegu kórakeppninni í flutningi trúarlegrar tónlistar, keppni sem kennd er við tónskáldið Palestrina og haldin er í Vatikaninu í Róm. Þar frumflutti kórinn verkíð *Beatus Vir* sem John A. Speight samdi fyrir kórinn. Trúarleg tónlist ásamt íslenskum þjóðlögum og sönglögum hefur einkennt lagaval kórsins í gegnum tíðina, en jafnframt hefur kórinn lagt rækt við samtímatónlist eftir íslensk tónskáld. Vox feminae hefur gefið út þrjá geisladiska, *Mamma geymir gullin þín* (2000) með íslenskum sönglögum og þjóðlögum, *Himnadrottning* (2003) með trúarlegri tónlist án undirleiks og *Ave María* (2006) sem helgaður er Heilagri guðsmóður.

## Félagar í VOX FEMINAE vorið 2009

### Sópran I

Erla Rut Káradóttir  
Guðný Jónsdóttir  
Guðrún Björk Bjarnadóttir  
Guðrún Birna Jörgensen  
Guðrún Hulda Gunnarsdóttir  
Hafdís Hafsteinsdóttir  
Heiða Gunnarsdóttir  
Helga Jóna Óðinsdóttir  
Hildur Alexía Pálsdóttir  
Hulda Jónsdóttir  
Inga Sigrún Kristinsdóttir  
Jóna Guðbjörg Árnadóttir  
Lilja Klein  
Ólafía Lára Lárusdóttir  
Sigurlaug Tára Elíasdóttir  
Steinunn K. Jónsdóttir  
Særún Harðardóttir

### Sópran II

Anna Birgitta Bóasdóttir  
Björg Helen Andrésdóttir  
Elsa Særún Helgadóttir  
Eva Lillý Einarsdóttir  
Guðrún Sigríður Sævarsdóttir  
Hulda Stefánsdóttir  
Inga Sigurðardóttir  
Ingibjörg Óladóttir  
Ingibjörg B. Sigurðardóttir  
Jónína Sigurbjörnsdóttir  
Karen Nadia Pálsdóttir  
Lára Eymundardóttir  
Lonni Björg H Sigurbjörnsd.  
Ólafía Lára Ágústsdóttir  
Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir  
Stella Óladóttir  
Valgerður G. Halldórsdóttir

### Alt I

Ástríður Hannesdóttir  
Bjarnheiður Hallsdóttir  
Elin Stephensen  
Hildur Friðriksdóttir  
Kristín Vala Ragnarsdóttir  
María Ólafsdóttir  
Ragnhildur G. Guðmundsd.  
Sigríður Guðmundsdóttir  
Sigríður Helga Sigurðardóttir  
Sigríður H. Þorsteinsdóttir  
Svana Kristín Elisdóttir  
Þorgerður Valdimarsdóttir  
Þórdís Guðmundsdóttir

### Alt II

Ásdís Björnsdóttir  
Bryndís Egilson  
Gunnhildur Arnardóttir  
Halla Katrín Svölu- og Arnardóttir  
Hallveig Andrésdóttir  
Helga Arngrímsdóttir  
Hildur Elín Vignir  
Kristín Sigurleifsdóttir  
Sigríður Anna Ellerup  
Snjólaug Elín Sigurðardóttir  
Þuríður Helga Jónasdóttir



**Margrét Jóhanna Pálmadóttir**, stjórnandi Vox feminae, hóf tónlistarferil sinn í Hafnarfirði þar sem hún, auk píanónáms í tónlistarskóla, söng með Kór Öldutúnsskóla og kirkjukór Hafnafjarðarkirkju. Hún stundaði söngnám í Tónlistarskóla Kópavogs, við Tónlistarháskólann í Vínarborg, Söngskólann í Reykjavík og á Ítalíu. Leiðbeinendur hennar voru meðal annarra Elisabet Erlingsdóttir, Svanhvit Egilsdóttir, Púriður Pálsdóttir, Lina Pagliughi og Eugenia Ratti. Margrét kom fyrst fram sem einsöngvari 12 ára gömul m. a. í útvarpi og sjónvarpi. Hún söng með Þjóðleikhúskórnum í fjögur ár og tók á þeim tíma þátt í ýmsum uppfærslum með honum. Þá starfaði Margrét sem raddþjálfari Pólyfónkórsins og Söngsveitarinnar Filharmoníu auk ýmissa annarra kóra.

Á árunum 1983-84 tók Margrét þátt í starfi Stúdentaleikhússins. Þar setti hún upp ásamt Hafliða Arngrímssyni leikhúsfraeðingi söngdagskrá Bertold Brecht, *Breyttu heiminum*. Árið 1988 stofnaði Margrét ásamt öðrum einsöngvurum Óperusmiðjuna og setti sá hópur upp þrjár stórar óperusýningar auk ýmissa minni viðfangsefna. Einnig tók hún þátt í uppfærslu Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsinu á verkinu *Eva Luna* og var tónlistarstjóri fyrstu uppfærslu Leikfélagsins á *Ronju Ræningjadóttur* í sama leikhúsi. Þá söng Margrét með sönghópnum Fjórar klassiskar á árunum 1994–2000.

Margrét stofnaði Vox feminae 1993, sama ár og hún stofnaði Kvennakór Reykjavíkur, en einnig stofnaði hún og stjórnaði Kór Flensborgarskóla, Starfsmannakór SFR, Barnakór Grensáskirkju, Senjorítunum, Stúlnakór Reykjavíkur, Gospelsysturum og Aurora.

Árið 2000 stofnaði Margrét í félagi við aðra sönghúsið Domus Vox í Reykjavík sem sameinar undir einu þaki söngskóla og kórastarfsemi. Margrét hefur unnið frumkvöðla- og hvatningarstarf í þágu stúlkna- og kvennakóra á Íslandi og hlaut fyrir það Riddarakross hinnar íslensku Fálkaorðu árið 2004. Þá sæmði Karl Gustav XVI. konungur Svía, Margréti Riddarakrossi hinnar konunglegu Norðurstjörnu í opinberri heimsókn sinni í september 2004.



**Marion Herrera** lauk einleikaraprófi á hörpu ásamt lokaprófi í tónfræði og kammertónlist frá Conservatoire de musique de Nice árið 1993 og lokaprófi á hörpu, með nútímatónlist sem sérgrein, frá Conservatoire national de region de Paris árið 1996 þar sem kennari hennar var Birgitte Sylvestre. Jafnframt tónlistarnámi stundaði hún heimspekinám við Sorbonne-háskóla í París. Marion kenndi hörpuleik við Association Euterpe í Nice í Frakklandi árið 1992-1993. Eftir að námi lauk árið 1996 starfaði hún sem lausráðinn hörpuleikari á Íslandi og í Frakklandi til ársins

2005 og kom þá fram m. a. sem einleikari með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, lék tónlist eftir Atla Heimi Sveinsson inn á upptökur og lék á hörpu með ýmsum tónlistarmönnum t.d. Agli Ólafssyni, Ásgerði Júníusdóttur o. fl. Einnig hefur Marion komið fram á fjölmörgum tónleikum með ýmsum tónlistarhópum og kórum. Marion hefur kennt hörpuleik við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar frá árinu 2002 og hefur einnig starfað sem leiðsögumaður, flugmaður hjá Icelandair og sem flugmaður hjá Landhelgisgæslunni.



**Símon H. Ívarsson** hóf gítarnám við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar hjá Gunnari H. Jónssyni. Vorið 1975 lauk hann fullnaðarprófi frá skólanum, en þá um haustið hóf hann nám við Hochschule für Musik und darstellende Kunst í Vínarborg hjá prof. Karl Scheit. Þaðan lauk hann einleikaraprófi vorið 1980. Símon starfaði síðan sem gítarkennari við Tónlistarskóla í Luzern í Sviss, en flutti heim til Íslands haustið 1981 og kennir nú við Listaskóla Mosfellsbæjar og Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar á gítar og kammertónlist. Símon hefur sótt námskeið m.a.

til Spánar, Ítalíu, Sviss og Austurríkis, þar sem kennarar hans hafa m.a. verið M. Barrueco, D. Russel. O, Ghigliola, J. Tomas, M. Gangi, og A. Batista. Hann hefur einnig sérhæft sig í Flamencotónlist og farið sérstakar námsferðir til Spánar í þeim tilgangi. Símon hefur farið í margar tónleikaferðir bæði hér heima og erlendis og starfað með fjölmörgum íslenskum og erlendum tónlistamönnum auk þess að halda einleikstónleika. Hann hefur margsinnis komið fram í útvarpi og sjónvarpi og stjórnað útvarpsþáttum um gítar og gítartónlist. Auk þess hefur hann hlotið námstyrk frá ítalska ríkinu. Árið 1990 var Símon kosinn til formennsku fyrir hagsmunasamtökum tónlistarmanna, sem stóð m. a. fyrir *Ári söngsins*. Þá hefur hann gefið út kennslubók í gítarleik fyrir byrjendur og útsett verk eftir Gunnar Reyni Sveinsson fyrir nemendur á neðri stígum. Símon stofnaði Kammerkór Mosfellsbæjar árið 2002 og hefur verið stjórnandi hans síðan. Síðast en ekki sist gaf hann út geisladískinn *Glíman við Glám* með tónlist eftir Gunnar Reyni Sveinsson og var hann tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna.

Orðið *endurreisn* hefur hljómað í eyrum okkar síðustu mánuði og nú síðustu vikurnar í tengslum við fyrirhugaða endurreisn efnahagslífs á Íslandi. Aðrir tala jafnvel um endurreisn mannlífs á grunni nýrra en um leið sígildra gilda.

Orðið endurreisn hefur fyrir okkur í dag álika óljósa merkingu og það fékk á sínum tíma. Það var fyrst notað um stílbrigði í málalísi, höggmyndalísi og byggingarlísi á 15. og 16.öld og vísaði þá til þeirra áhrifa sem greina mátti frá gullaldartímum Grikkja og Rómverja. Menn voru á þessum tíma að enduruppgeirva áður rykugan og jafnvel glataðan menningararf hinna fornu menningarríkja.

Þessi endurreisn fólst þannig í því að hefja til vegs og virðingar menningu fyrri tíma og skapa á grunni hennar nýja nálgun, nýja tíma. Hljómar kunnuglega, ekki satt?!

En þetta var ekki mögulegt á sviði tónlísi á þeim tíma. Lítið sem ekkert af tónlísi lifði frá tímum Grikkja og Rómverja sem gat þjónað sem uppspretta svo mikils innblásturs, líkt og gerðist á öllum öðrum sviðum. En tónskáldin þurftu ekki tónrænar fyrirmyndir, hugmyndafræðin lýsti inn í áður ókannaða heima þar sem maðurinn og reynsla hans varð upphaf og endir alls. Segja má að breytingar á tónlísi á tímum endurreisnar hafi haft

eitt meginmarkmið - að ná tökum á túlkun mannglegra tilfinninga í tónlísi! Í upphafi tímabílsins gerðu virtustu tónskáldin enn mikil verk til dýrðar Drottini en í lokin voru viðfangsefni þeirra mannlegar ástir og örlög, breiskleiki og léttúð.

Það var í takt við áhuga endurreisnarmanna á mannum að mannröðdin varð það áhrifafl í tónlísi sem fékk mesta athygli. Áður höfðu verk auðvitað verið sungin en þá var meginatriði flutningsins ekki ríkuleg túlkun mannglegra ástriðna. Mannröðdin fékk nýtt hlutverk sem tjáningarríkasta hljóðfæri þessa tíma.

## UM ENDUR- REISNIR, MANNINN OG SÖNGINN

Það segir sína sögu að tónlísiarhámenning aðalsins á Ítalíu á 16. öld voru madrigalar. Þetta voru verk oft í fjórum til

fimm röðum, sungin af jafn mörgum söngvurum við tilfinningaríka texta og flutt án undirleiks. Með madrigölum varð Ítalía menningarmiðja tónlísiar í Evrópu í fyrsta sinn í sögunni. Madrigalahöfundar á Ítalíu voru þó ekki allir ítalskir heldur fluttu þangað m.a. flæmskir tónlísiarmenn sem sköruðu fram úr samtímamönnum sínum. Ítalskir höfundar bættust svo í hópinn. Við ítalskar hirðir voru nú hafðir litlir sönghópar sem sungu madrigala fyrir húsbændur og gesti þeirra og var þetta ekki endilega lágt sett fólk heldur oft vel þjáfað og menntað aðalsfólk sem allir vildu hafa við sína hirð. Sumir

vinsælir og virtir hópar voru skipaðir konum eingöngu.

Það væri of mikil einföldun að halda því fram að hin sungna endurreisnartónlist hafi alfarið fjallað um ástir og sorgir. Madrigalar og léttari verk í mörgum formum voru samin við texta af öllu tagi.

Thomas Morley var leiðandi afl í enskri tónlist fyrir og um aldamótin 1600. Hann samdi madrigala undir ítölskum áhrifum en ruddi jafnframt braut léttari formum söngverka og var ekki síst undir áhrifum frá svipuðum verkum eftir meistarann Gastoldi. Lífsgleðin og léttleikinn, stundum háðið og jafnvel pólitíkin fengu að hljóma í verkum af þessum toga. Hvort hið þekkta lag um ástmanninn og stúlkuna hans eftir Morley hljómaði við flutning á leikriti Shakespears skal ekki fullyrt hér, en samhengið varpar ljósi á menningarlegt umhverfi þessara laga á breskri grund. Það áttu ekki allar þjóðir sinn Shakespeare!

Þýsku verkin sem hér hljóma eru verk manna sem lögðu grunninn að leiðandi stöðu Þjóðverja á sviði tónlistar þegar

fram liðu stundir. Hinn ítalski Vecchi var áhrifamikill þátttakandi í tilraun sem tókst. En hann kunni á hlustendur sína og skemmti þeim með léttum innskotum í alvarlegri verkum, sinni þeirra til hvíldar. Tilraunin sem hér um ræðir hafði í lok aldarinnar borið menn inn á svið hins tjáningarríka einsöngs með stuðningi hljóðfæris, s.s. frá lútu. Og þar er að finna rætur þeirrar tegundar tónlistar sem átti eftir að blómstra svo um munaði á næsta tímaskeiði, barokkinu. Monteverdi tók fánann sem settur var saman í tilraunaskyni og bar hann inn í nýja tíma. Flagg sem átti eftir að blakta fjörlega fram á okkar tíma. Þetta var óperan.

Þau verk sem hér hljóma eru þannig verk tónskálda sem öll lögðu veglega af mörkum til evrópskrar menningar í samtíma sínum. En þau sköpuðu um leið með snilli sinni ljós inn í ókomna framtíð. Ljós sem lýsir hverjum þeim sem hlustar – hvar sem er, hvenær sem er!

Reykjavík, apríl 2009

Sigfríður Björnsdóttir  
tónlistarsagnfræðingur

# SUMARKVEÐJA

Að þessu sinni flytur Vox feminae endurreisnartónlist sextánda og sautjándu aldar. Eins mikilvæg og öll listsköpun er ein og sér, má öllum vera ljóst að hún lifir ekki nema í návist þeirra sem flytja hana eða njóta. Hvorugt lifir án hins.

Megi tónlistin bera birtu og yl inn í sumarið.

Kærar kveðjur,

Margrét J. Pálmadóttir, stjórnandi  
Sigríður Anna Ellerup, formaður Vox feminae

## Á DÖFINNI:

*DA CAPO* – sögu- og ljósmyndabók Vox feminae er væntanleg. Bókin inniheldur m.a. ávörp, erindi og ágríp af sögu kórsins, en ljósmyndir Sigríðar Soffíu Gunnarsdóttur eru þó meginefni bókarinnar og er hverri og einni söngkonu kórsins tileinkuð opna í bókinni, þar sem staldrað er við portrettmynd og minningarbrot – einskonar andartak í ljósi.

Geisladiskur *VOX FEMINAE OG HLJÓMSKÁLAKVINTETTSINS* er einnig væntanlegur. Diskurinn inniheldur íslensk ættjarðar- og sönglög, flest samin í tilefni af Lýðveldishátíð Íslendinga 17. júní 1944. Hljómskálakvintettinn skípa fimm málmblásarar úr Sinfóníuhljómsveit Íslands; trompetleikararnir Ásgeir Steingrímsson og Sveinn Birgisson, hornleikarinn Þorkell Jónsson, básúnuleikarinn Oddur Björnsson og túbuleikarinn Bjarni Guðmundsson. Einsöngvari er Sigrún Hjálmtýsdóttir.

VOX  
FEMINAE